



**Fundargerð
aðalfundar
Heilbrigðiseftirlits
Suðurlands**

haldinn á Hótel Selfossi
19. október 2017

1. Aðalfundarstörf

a) Setning – formaður stjórnar

Páll Stefánsson, formaður, setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna.

b) Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefndi Ástu Stefánsdóttur og Örnú Ír Gunnarsdóttur sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur sem fundarritara. Var það samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns fól formaður fundarstjórum stjórn fundarins.

c) Kosning í kjörbréfa- og kjörnefnd

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar HES að kjörbréfa- og kjörnefnd:

Kjörbréfa- og kjörnefnd

Aldís Hafsteinsdóttir

Ari Björn Thorarensen

Ísólfur Gylfi Pálmason

Sveitarfélag

Hveragerðisbær

Sveitarfélagið Árborg

Rangárþing eystra

Var tillagan samþykkt samhljóða og tók kjörbréfanefnd þegar til starfa.

d) Skýrsla stjórnar

Páll Stefánsson flutti skýrslu stjórnar. Ræddi hann um störf heilbrigðisnefndar. Lög og reglugerðir sem heilbrigðisnefndum ber að framfylgja koma frá þremur ráðuneytum, umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og innanríkisráðuneytinu ásamt því að hér á Suðurlandi bætist svo fjórða ráðuneytið við, forsætisráðuneytið, í gegnum Þingvallanefnd.

Nefndin hélt 8 fundi á síðasta starfsári, allir voru haldnir á Selfossi fyrir utan einn sem haldinn var í Vestmannaeyjum.

Verkefni HES hafa aukist jafnt og þétt undanfarin ár en fjöldi starfsleyfisskyldra fyrirtækja er á bilinu 15 – 1600. Breyting varð á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnar 1. júní sl. Breyting hefur orðið á fjölda heimsókna í fyrirtæki, litlu fyrirtækin verða hjá HES en stóru fyrirtækin fara yfir til Umhverfisstofnunar.

Margar breytingarnar eru illskiljanlegar og ekki er hann viss um að þetta skili sér sem skyldi.

Breytingar hafa orðið á lögum um rekstrarleyfi, heimagistingu, veitingastaði og skemmtanahaldi, breytingin á umsagnarferlinu hefur ekki skilað sér sem einföldun heldur hafa umsagnir þó nokkuð tafist innan stjórnsýslu sveitarfélaganna.

HES bíður eftir úrskurðum úr tveimur málum en hann telur líklegt að slíkum málum eigi eftir að fjölga í framtíðinni sem er áhyggjuefni þar sem kostnaður við slík mál er mikill.

Nýlega féll úrskurður um hreinsun lóða en þar hafði gamalt, númerslaust, brunnið bílflak verið fjarlægð á kostnað eiganda á lóð í Grindavík, eftir að límt var á það límborði og gefinn viku frestur til að fjarlægja það, að öðrum kosti yrði það fjarlægð á kostnað eiganda. Niðurstaða úrskurðarnefndar var að heilbrigðiseftirlitið hafi verið í

fullum rétti til að fjarlægja bílflakið á kostnað lóðareiganda. Yfirleitt eru svona úrskurðir fordæmisgefandi fyrir önnur heilbrigðiseftirlit og getur því þessi úrskurður haft í för með sér talsverða aukningu slíkra mála hjá HES þar sem talsvert er af slíkum bílum í umdæmi HES.

Skipulagsmálin eru alltaf fyrirferða mikil í vinnu HES og má segja að einn starfsmaður sé í fullu starfi við að svara skipulagsmálum fyrir ríki og sveitarfélög. Þykir Páli leitt að þurfa að sýna halla á ársreikningi eftirlitsins en skýringin er fyrst og fremst launahækkanirnar sem áttu sér stað á síðasta ári ásamt lífeyrisskuldbindingum. Að öðru leyti hefur reksturinn gengið vel, enda frábært starfsfólk og góð nefnd sem stendur saman sem einn maður.

e) **Skýrsla framkvæmdastjóra**

Sigrún Guðmundsdóttir, framkvæmdarstjóri, flutti ársskýrslu HES fyrir árið 2016. Byrjaði hún á að kynna nefndarmenn og starfsfólk og þakkaði hún starfsfólkinu sínu fyrir ósérhlífni en mikið hefur verið að gera sl. ár.

Lög nr. 7 eru megin „biblíá“ heilbrigðiseftirlitsins. Umhverfi heilbrigðiseftirlits er nokkuð flókið og á það samstarf við margar stofnanir. 10 heilbrigðisnefndir eru starfræktar í landinu fyrir fjölmörg sveitarfélög.

Meginstarfsemi HES er reglubundið eftirlit og starfsleyfisveitingar.

Skipulagssumsagnir taka sífellt meiri tíma og umsagnir til sýslumanns en hvorug þessi vinna er gjaldskyld. Skjalavarsla þarf að vera í lagi hjá eftirliti sem þessu og er hún í nokkuð góðum málum. Matvælin, mengun og hollustuhættir eru þrjú meginsvið eftirlitsins og er ákveðinn starfsmaður með sitt sér svið en þó þurfa allir að geta hoppað inn í önnur verkefni til að leysa af.

Ekki gafst mikill tími til að vinna að undirbúningi fyrir árið.

Mest hefur gististöðum fjölgað og er mikið umsýsla í kringum það. Fór hún yfir starfleyfi fyrir útleigu sumarhúsa en þessi hús þarf að taka út á 4 ára fresti. Fór hún yfir fjölgun nýrra skipulagsmála og starfsleyfa.

Lengi hefur verið bent á að mikið er um opin vatnsból á svæðinu. Neysluvatn er ekki alltaf í lagi, en ekki þurfti að senda út varúðartilkynningar vegna neysluvants árið 2016. 24 sundlaugar eru á svæðinu en taka þarf reglulega sýni úr þeim.

Loftgæðamælingar eru gerðar á 4 svæðum. Slík mengun hefur minnkað á síðustu árum. Starfsleyfi Hellisheiðarvirkjunar var endurnýjað í október sl., þar var enn bætt í kröfur um loftgæðamælingar með færanlegri mælistöð í viðbót við hinar fjórar.

Einnig þarf að huga vel að hreinlæti s.s. í kringum klakavélar á veitingarstöðum sem þarf að þrifa reglulega, hitastigi á kælum, leyfum fyrir brennum og svo mætti lengi telja.

Olíu- og fráveitureglugerðir hafa verið kláraðar en ekki verið birtar, en báðar eru þó búnar í umsagnarferli. Breyting á hollustuháttarreglugerð stendur til ásamt sundlaugarreglugerð og reglugerð um baðstaði í náttúrunni. Með fjölgun ferðamanna verða aukin umsvif hjá heilbrigðiseftirlitum. Ræddi hún í lokin að góð samvinna milli eftirlits, fyrirtækja og stofnana væri mikil virði.

f) **Niðurstaða kjörbréfa- og kjörnefndar um lögmæti fundarins**

Ísólfur Gylfi Pálmason, formaður kjörbréfa- og kjörnefndar, kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir kjörbréfum. Gild kjörbréf eru 58 en alls voru mættir 41 aðalfulltrúi og 5 varamenn. 12 eru fjarverandi. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

g) Ársskýrsla 2016

Sigrún Guðmundsdóttir gerði ársskýrslu 2016 skil í skýrslu stjórnar hér fyrir.

h) Ársreikningur 2016

Sigrún Guðmundsdóttir fór yfir ársreikning ársins 2016. Rekstrartekjur ársins voru rúmlega 89,4 m.kr. Rekstrargjöld ársins voru rúmlega 95,1 m.kr. Þar kom fram að rekstrartap ársins er rúmlega 4,5 m.kr.

Ársreikningur var borin upp til samþykktar og samþykktur samhljóða.

Til máls tók auk fundarstjóra, Aldís Hafsteinsdóttir.

i) Tillaga að fjárhagsáætlun 2018

Sigrún Guðmundsdóttir kynnti fjárhagsáætlun 2018.

Helstu tölur eru að rekstrartekjur verði tæplega 110,9 m.kr. og rekstrargjöld tæplega 110,3 m.kr. Gert er ráð fyrir hagnaði upp á 780 þúsund.

Til máls tóku auk fundarstjóra Aldís Hafsteinsdóttir og Friðrik Sigurbjörnsson.

Tillaga að fjárhagsáætlun var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

j) Tillaga að gjaldskrá

Lögð fram tillaga að gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands þar sem gert er ráð fyrir 12,5% heildarhækkun.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

k) Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Enginn tók til máls.

l) Almennar umræður

Aldís Hafsteinsdóttir, Friðrik Sigurbjörnsson, Ágúst Sigurðsson, Ásta Stefánsdóttir, fundarstjóri, Helgi Kjartansson og Ari Björn Thorarensen.

Sigrún Guðmundsdóttir og Páll Stefánsson svöruðu fyrirspurnum.

Fundarstjóri sleit fundi kl. 16:55